



REGNBOGINN
LIST Í FÖGRU UMHVERFI
VÍK Í MÝRÐAL
10.-12. OKTÓBER



ÁVARP NEFNDAR

Kæru Mýrdælingar, nærsveitungar og gestir

Enn á ný fagna Mýrdælingar komu haustsins með sinni árlegu menningarveislu og halda Regnbogann í áttunda sinn. Hátíðin hefur löngu fest sig í sessi í litla sveitarfélaginu okkar og má finna tilhlökkun í hjörtum barna og fullorðinna fyrir þessari helgi. Það er gaman að sjá hversu margir brottfluttir Mýrdælingar leggja leið sína heim, bæði til að taka þátt og ekki síður til að verja tíma með fjölskyldum sínum.

Að vanda er dagskráin fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Tónlistin skipar stóran sess á hátíðinni nú sem endranær og kemur tónlistarfólkið í ár bæði úr Mýrdalnum og annars staðar af landinu. Tónleikar og skemmtun verða bæði kvöldin í íþróttahúsinu þar sem Árný Árnadóttir, Beggi blindi, Elva Dögg Gunnarsdóttir og Hviðmávarnir koma fram.

Það tíðkast í höfuðborginni að núverandi borgarstjóri baki vöflur fyrir gesti og gangandi á Menningarnótt. Ásgeir sveitastjóri og Ásta kona hans ætla að gera betur og bjóða Mýrdælingum í morgunkaffi á heimili sitt að Sunnubraut. Í Suður-Vík standa tvær myndlistasýningar yfir á efri og neðri hæð, Guðrún Sigurðardóttir opnar galleríið sitt fyrir gestum og gangandi.

Í Kötlusetri verður ljósmyndasýning Varyu Lozenko en hún er langt komið með verk sitt þar sem hún hefur ljósmyndað 0,1% þjóðarinnar. Regnbogamarkaðurinn verður á sínum stað og mun Dagný Kristjánsdóttir sýna servíettusafn sitt þar. Servíettusafn Dagnýjar er orðið mjög stórt og metnaðarfullt. Áslaug og Siggí bjóða gestum í gönguferð um Víkurþorpið, Ævar vísindamaður kíkir í heimsókn og kaffihúsin hafa opið lengur um helgina. Framrás býður upp á alvöru sveitaball í Leikskálum með hljómsveitinni Skítamóral í tilefni 25 ára afmælis fyrirtækisins í ár.

En það eru fleiri sem eiga afmæli því 80 ár eru frá vígslu Víkurkirkju og að því tilefni verður hátíð í kirkjunni á sunnudaginn með afmælistessu. Eftir messuna verður messukaffi í Suður-Vík. Hljómsveitin Árstíðir ljúka hátíðinni í ár á ljúfu nótonum.

Regnbogahátíðin á sér margt velgjörðarfólk og eru allir tilbúnir að aðstoða við undirbúning hennar, ungir sem aldnir. Fyrir það erum við í undirbúningsnefndinni afar þakklát því án ykkar væri hátíðin ekki það sem hún er. Við þökkum öllum fyrir hjálpina.

Jakobína Sigurðardóttir kveður svo í Dægurvísu sinni: *Gott er að eiga góðs að minnast.* Með þeim orðum óskum við gestum hátíðarinnar ánægjulegrar helgar og vonumst til að allir búi sér til góðar minningar sem eiga eftir að verma þeim á dimmum vetrarkvöldum í vetur.

HVERFA- OG BÆJASKIPTING

- Blár / rauður Austurvegur, Kirkjuvegur og Smiðjuvegur
Blár / rauður Bakkabraut, Mýrarbraut og Árbraut
Bleikur / gulur Sigtún, Hátún og Suðurvíkurvegur
Bleikur / gulur Suður-Vík og Norður-Vík
Appelsínugulur / grænn Víkurbraut og Ránarbraut
Appelsínugulur / grænn Mánabraut og Sunnubraut
Blár / rauður Austan Víkur að Múlakvísl
Blár / rauður Reynishverfið og Heiðardalurinn
Bleikur / gulur Vestan Gatnabrúnar að Hvammbóli
Appelsínugulur / grænn Vestan Hvammbóls að Jökulsá

VEITINGAR/ÞJÓNUSTA

HALLDÓRSKAFFI	OPIÐ 11:00 – 22:00
SUÐUR-VÍK	OPIÐ 11:00 - 21:00
BERG	OPIÐ 18:00 – 21:00
VÍKURSKÁLI	OPIÐ 09:00 - 21:00
VÍKURGRILL	OPIÐ 11:00 – 20:30
VÍKURPRJÓN	OPIÐ 07:30 - 22:30

REGNBOGATILBOÐ

HÓTEL KATLA	Tilboð á gistingu.
HÓTEL EDDA VÍK	Tilboð á gistingu.
BERG	Þriggja rétta Regnbogaseðill 6.900 kr.

FÖSTUDAGUR

- 15:00 - 18:00 **REGNBOGAKAFFI KÖTLUSETUR**
Forstöðumaður Kötluseturs, verkefnastjóri Fræðslunets- og Háskólafélags Suðurlands ásamt framkvæmdastjóra Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu verða á staðnum og taka á móti gestum.
- 20:00 - 22:00 **OPNUNARHÁTÍÐ REGNBOGANS ÍÞRÓTTAHÚS**
Setning hátíðarinnar.
Matarsmakk mýrdælskra ferðapjónustaðila og sauðfjárbænda.
Árný Árnadóttir með tónleika.
Halldórskafti sér um sölu drykkja.
- 23:00 **KOMDU Í PARTY SUÐUR-VÍK**
Fjör fram eftir nóttu, nikka á staðnum.

LAUGARDAGUR

- 08:30- 10:30 **MORGUNKAFFI HJÁ ÁSGEIRI OG ÁSTU**
Allir velkomnir í morgunkaffi að Sunnubraut 7.
- 10:00 - 11:00 **GANGA UM VÍKURÞORP**
Áslaug Einarsdóttir og Sigurður Hjálmarsson leiða göngu um Víkurþorp. Mæting við Kötlusetur.
- 11:00 - 12:00 **OPIÐ HÚS Í HÆNSNAKOFANUM NORÐUR-VÍK**
- 11:00 - 14:00 **KOLLA Í KLAKK**
Bílskúrssala hjá Kollu í Klakk á Ránarbraut 9.
Kaffi á könnunni.
- 11:00 - 16:00 **REGNBOGAMARKAÐUR LEIKSKÁLAR**
Kökur, ljósmyndir, bækur, föt, sultur og margt fleira.

13:00 - 15:00 **OPIÐ HÚS GALLERÍ LEIRBROT OG GLER**
Bollasafnið á sýnum stað og opnum gömlu myndaalbúmin hennar Dóru. Opið eftir því sem rauði fáninn er uppi.

12:30 - 13:30 **EVAR VÍSINDAMAÐUR VÍKURSKÓLI**
Hvetjum alla fjölskylduna til að koma og fylgjast með.

16:00 - 17:00 **HÁTÍÐARDAGSKRÁ ÍPRÓTTAHÚS**
Hátíðarræða, Magdalena Sveinsdóttir, leik-, tón- og grunnskóli með atriði. Þorgerður Sól Ívarsdóttir og fleira.

LAUGARDAGSKVÖLD

20:00 - 22:00 **SKEMMTIDAGSKRÁ REGNBOGANS ÍPRÓTTAHÚS**
Beggi Blindi og Elva Dögg verða með uppistand.
Hviðmávarnir.
Veitingahúsið Suður-Vík sér um sölu drykkja.

22:00 **OPINN BAR HALLDÓRSKAFFI**

23:00 **REGNBOGASVEITABALL LEIKSKÁLAR**
Skítamóráll leikur fyrir dansi.
Miðaverð 2000 kr. 16 ára aldurstakmark.

SUNNUDAGUR

11:00 - 13:00 **DÖGURÐ (e. brunch) SUÐUR-VÍK**

11:00 - 12:00 **PRÓFESSORINN OG VÍSINDAMAÐURINN VÍKURSKÓLI**
Sýning fyrir alla krakka!

13:00 - 14:00 **HÁTÍÐARMESSA VÍKURKIRKJA**
Afmælisguðsþjónusta í tilefni 80 ára vígsluafmælis Víkurkirkju
Prestar verða Sr. Haraldur M. Kristjánsson, Sr. Gísli Jónasson og Sr. Ingólfur Hartvigsson. Samkór Mýrdælinga syngur ásamt eldri kórfélögum. Einsöngur: Hjördís Ásta Þórisdóttir. Organisti Kári Gestsson. Einleikur á selló: Katrín Birna Sigurðardóttir.

14:00 - 16:00 **MESSUKAFFI SUÐUR-VÍK**

1200 kr fyrir fullorðna, 650 kr fyrir 12 ára og yngri.

16:30 **LOKATÓNLEIKAR VÍKURKIRKJA**

Hljómsveitin Árstíðir.

SÝNINGAR ALLA HELGINA

BRANDUR SUÐUR-VÍK NEÐRI HÆÐ

Brandur Bjarnason Karlsson málar með olíu á striga. Brandur málar með munninum þar sem hann er lamaður fyrir neðan háls. Formleg opnun á sýningunni verður laugardaginn 11.okt. kl. 14 og verður listamaðurinn á staðnum. Opið verður á opnunartíma Suður-Víkur.

ÍNA OG VALLÝ SUÐUR-VÍK EFRI HÆÐ


Ína og Vallý Ragnarsdætur frá Höfðabrekku verða með myndlistasýningu.

VARVARA LOZENKO KÖTLUSETUR

Rússneska listakonan Varya sýnir myndir úr verkefni sínu 320 Íslendingar sem hún hefur unnið að undanfarin ár. Fór hún um allt landið og tók ljósmyndir af fólki og skráð sögu þess eftir atvikum. Formleg opnun sýningarinnar verður kl 16:30 föstudaginn 10. október.

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR LEIKSKÁLAR

Dagný hefur safnað servíettum síðan hún var lítil stúlka og á nú orðið metnaðarfullt safn sem telur um 7000 servíettur. Dagný mun sýna servíetturnar í Leikskálum á opnunartíma markaðarins.



LAG HÁTÍÐARINNAR

Lag hátíðarinnar er Minningar úr Mýrdal.

Magdalena Sveinsdóttir mun flytja lagið í ár við undirleik

Kára Gestssonar á hátíðardagskrá Regnbogans.

Ég vil líta til liðinna daga
ljúfa mynd upp í huga mér draga
þegar sumar og sól, sveipar byggðir og ból
þessum minningum held ég til haga.

Í dal milli dimmgrænna fjalla
dreifast húsin um hlíðar og stalla
Þetta' er þorpið í Vík, þar er fegurðin rík
og minn höfuðstað helst vil ég kalla.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa' í þeim álfar og tröll.

Ég sé blika á bárum á sænum
bóndans töðu á túnbletti grænum
og á bak við svo bjart, breiðist jökulsins skart
þaðan áin sig liðar í lænum.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa' í þeim álfar og tröll.

Alltaf vekur mér sælu í sinni
þessi sveit býr í hjarta mér inni
og þegar sól gyllir sæ, yfir sveitir og bæ
þannig ætíð hún er mér í minni

Lag: Auðbert Vigfússon

Texti: Hróbjartur Vigfússon

NEFNDIR 2014

Undirbúningsnefnd: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Unnur Björk Arnfjörð,
Þorgerður Hlín Gísladóttir og Æsa Gísladóttir.

Matarnefnd: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hjördís Rut Jónsdóttir.

Skreytinganefnd: Anna Birna Björnsdóttir, Anna Elísabet Stark, Carina Margareta Ek, Guðrún
Lilja Kristófersdóttir, Kolbrún Magga Matthíasdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir, Nadia Hamdan,
Rima G. Felikssasdóttir, Sigurjón Rútsson, Sigurjóna Kristófersdóttir og Susana Medina Gargallo.

Umsjónarmaður markaðar: Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

STYRKTAÐILAR

Regnboginn - List í fögru umhverfi væri ekki haldinn nema með stuðningi fjölda fyrirtækja, einstaklinga og félaga. Eftirtaldir aðilar styrktu hátíðina í ár og viljum við þakka þann ómetanlega styrk.

Arcanum fjalla og jöklaleiðsögumenn	Kötlusetur
Arcanum Jöklaferðir	Leirbrot og gler
Arion banki	Like Vík
Auðbert og Vigfús Páll	Lionsklúbburinn Suðri
Ársalir	Menningarfélag um Brydebúð
Bildrangur	Menningarmálanefnd
BVT	Mið Hvoll
E. Guðmundsson	Mountain Excursion
Ferðaþjónustan Eystri Sólheimum	Mýrdalshreppur
Fagradalsbleikja	Mýrdælingur
Ferðaþjónustan Reyni	Norður-Vík
Félag sauðfjárbænda Vestur-Skaftafellssýslu	Péturseyjar Gulrætur
Fossís	Rafsuð
Framrás	Smári Tómasson
Garðakot	Sólheimahjáleiga
Gistihúsin Görðum	Suður Vík
Gistihúsið Hátúni	Steig
Halldórskaffi	Stepudrangur
Háskólafélag Suðurlands	Sýslumenn/Lögbirtingarblaðið
Hópfæraþing Suðurlands	Vellir
Hótel Dyrhólaey	Vitinn
Hótel Katla - Höfðabrekka	Víkurkirkja
Kindin.is	Víkurprjón/Drífa
Kjarval	VÍS
Kósý Vík	Volcano hótel
	Þakgil
	Þorbjörg Kristjánsdóttir